# Samkeppnishæfni Íslands 2018

## Niðurstöður úttektar IMD

Konráð S. Guðjónsson

Hagfræðingur Viðskiptaráðs

24. maí 2018

Íslandsbanki

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

# Samantekt

- Viðskiparáð kynnir í samstarfi við Íslandsbanka árlega úttekt IMD viðskiptaháskólans í Sviss á samkeppnishæfni ríkja. Samkeppnishæfni lýsir því **umhverfi sem ríki stuðla að til að fyrirtæki getið skapað verðmæti á sjálfbæran hátt.** Fá, eða engin, ríki í heiminum búa við litla samkeppnishæfni en góð lífskjör á hina ýmsu mælikvarða.
- **Ísland fellur niður um fjögur sæti og niður í 24. sæti** að þessu sinni. Ísland er enn talsvert að baki hinum Norðurlöndunum sem eru 6.- 16. sæti. Bandaríkin eru í fyrsta sæti og ná toppsætinu af Hong Kong.
- Þróun og staða Íslands er misjöfn eftir meginþáttum. Í **efnahagslegri frammistöðu fellur** Ísland um 18 sæti og niður í 57.sæti að þessu sinni. Minni hagvöxtur árið 2017 heldur en 2016 ásamt sterku gengi krónunnar skýrir þá þróun að miklu leyti
- **Skilvirkni hins opinbera minnkar** einnig milli ára og fellur Ísland þar úr 8. sæti niður í 16. sæti. Þar hefur gengi gjaldmiðilsins einnig áhrif, auk meiri hættu á pólitískum óstöðugleika og að áhrif stöðugleikaframlaga á opinber fjármál nýtur ekki eins sterkt við, svo eitthvað sé nefnt.
- **Skilvirkni atvinnulífsins batnar** lítillega milli ára og situr Ísland nú í 22. sæti en **innviðir standa í stað** og er Ísland í 17. sæti þriðja árið í röð.
- Til að snúa vörn í sókn þarf bæði að **mæta áskorunum dagsins í dag**, en einng að **hlúa að styrkleikum** Íslands og **bæta úr veikleikum**. Losa ætti það sem eftir er af fjármagnshöftum, endurskoða samkeppnislög og vinna markvisst að leiðum til að bæta rekstrargrundvöll hugvitsdrifins útflutnings, svo eitthvað sé nefnt.

# Yfirlit

**Hvers vegna samkeppnishæfni?**

Um úttektina

Niðurstöður 2018

Hvernig snúum við vörn í sókn?

# Hvað er átt við með samkeppnishæfni?

World Economic Forum

„Stofnanir, stefnumótun og aðrir þættir sem ákvarða framleiðnistig ríkja"*

IMD

**„Hvernig ríki stuðla að umhverfi þar sem fyrirtæki geta á sjálfbæran hátt skapað verðmæti"**

*Framleiðni er verðmætasköpun á vinnustund (landsframleiðsla á vinnustund)

# Skiptir samkeppnishæfni einhverju máli fyrir almenning?

# Nær engin ríki hafa litla samkeppnishæfni og…













*Vísitala

Samkeppnishæfni er kannski ekki grundvallarmarkmið í sjálfu sér…

… En samkeppnishæfni er leið að markmiði okkar allra:
**Betri lífsgæðum**

# Yfirlit

Hvers vegna samkeppnishæfni?

**Um úttektina**

Niðurstöður 2018

Hvernig snúum við vörn í sókn?

# Viðskiptaháskólinn IMD gerir árlega úttekt á samkeppnishæfni 63 ríkja



# Samkeppnishæfni IMD er metin út frá fjórum meginþáttum

**Samkeppnis-hæfni**

| Meginþáttur | Lykilspurningar |
|---|---|
| **Efnahagsleg frammistaða** | ▪ **Hversu vel virkar markaðshagkerfið**?<br>▪ Er greiður aðgangur að **hæfu vinnuafli og fjármagni**? |
| **Skilvirkni hins opinbera** | ▪ **Hversu skilvirk er tekjuöflun** hins opinbera?<br>▪ Hver eru **gæði opinberrar þjónustu**? |
| **Skilvirkni atvinnulífs** | ▪ Hver er **framleiðni atvinnulífsins**?<br>▪ Hversu vel standa fyrirtæki sig í **innbyrðis og alþjóðlegri samkeppni**? |
| **Samfélagslegir innviðir** | ▪ Hvert er **menntunarstig, langlífi og heilbrigði** þegnanna?<br>▪ Hver er **aðgangur þeirra að innviðum**? |

# Útkoman byggir á 340 mælikvörðum sem samanstanda af haggögnum og niðurstöðum stjórnendakönnunar

Dæmi um samsetningu eins meginþáttar

**Heildareinkunn...**

- Samkeppnis-hæfni

**...ræðst af fjórum meginþáttum ...**

- Efnahagsleg frammistaða
- Skilvirkni hins opinbera
- Skilvirkni atvinnulífs
- Samfélagslegir innviðir

**...sem hver ræðst af fimm undirþáttum...**

- Opinber fjármál
- Skattastefna
- Stofnana-umgjörð
- Regluverk atvinnulífs
- Samfélagsleg umgjörð

**...sem hver ræðst af 10-30 mælikvörðum...** / **...sem eru samtals að 2/3 haggögn sem er þó misjafnt eftir undirþáttum**

**Fjármagnskostnaður**

| Mælikvarði | Tegund |
|---|---|
| Raunvextir | Haggögn |
| Fjármagnskostnaður | Könnun |
| Vaxtamunur banka | Haggögn |
| Lánshæfismat | Haggögn |

**Peninga- og gjaldmiðlastefna**

| Mælikvarði | Tegund |
|---|---|
| Peningastefna styður við efnahagslífið | Könnun |
| Gjaldeyrisforði | Haggögn |
| Gjaldeyrisforði á mann | Haggögn |
| Gengisstöðugleiki | Haggögn |

**Opinber stefna og réttarríki**

| Mælikvarði | Tegund |
|---|---|
| Regluverk atvinnulífsins | Könnun |
| Aðlögunarhæfni hins opinbera | Könnun |
| Gagnsæi | Könnun |
| Skriffinnska | Könnun |
| Mútur og spilling | Könnun |
| Réttarfar | Haggögn |

# Hvers vegna skiptir stofnanaumgjörð, í víðum skilningi, máli?

Rannsóknir og ígrundaðar kenningar liggja að baki öllum undirþáttum




*„Economic institutions shape economic incentives: the incentives to become educated, to save and invest, to innovate and adopt new technologies, and so on. It is the political process that determines what economic institutions people live under, and it is the political institutions that determine how this process works."*

Rannsóknir Acemoglu, Robinson og fleiri benda til þess að **öflugar stofnanir, valddreifing, eignarréttur og regluverk** útskýri hvers vegna **sumar þjóðir eru ríkar en aðrar fátækar.**

# Yfirlit

Hvers vegna samkeppnishæfni?

Um úttektina

**Niðurstöður 2018**

Hvernig snúum við vörn í sókn?

# Ísland sat í 20. sæti af 63 ríkjum á listanum í fyrra ...

## ... og fellur niður um fjögur sæti í ár

**2017**

**20.**

**2018**

**24.**

| Sæti | Ríki | Breyting |
|---|---|---|
| 1 | Bandaríkin | ↑ 3 |
| 2 | Hong Kong | ↓ 1 |
| 3 | Singapúr | → 0 |
| 4 | Holland | ↑ 1 |
| 5 | Sviss | ↓ 3 |
| 6 | Danmörk | ↑ 1 |
| 7 | UAE | ↑ 3 |
| ... | ... | |
| 22 | Malasía | ↑ 2 |
| 23 | Nýja-Sjáland | ↓ 7 |
| **24** | **Ísland** | **↓ 4** |
| 25 | Japan | ↑ 1 |
| 26 | Belgía | ↓ 3 |
| ... | ... | |
| 63 | Venesúela | → 0 |

# Bakslag eftir jákvæða þróun síðustu ár...




VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

# ... Og erum enn nokkuð að baki hinum Norðurlöndunum




VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

# Sé útkoma Íslands skoðuð út frá meginþáttunum fjórum má sjá ólíka frammistöðu

| | | |
|---|---|---|
| Samkeppnis-hæfni | 20. | 24. |

| | | | | | | | Meðaltal Norðurlandanna |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Efnahagsleg frammistaða | 35. | 44. | 29. | 39. | 57. | 33. |
| 2 | Skilvirkni hins opinbera | 27. | 22. | 17. | 8. | 16. | 9. |
| 3 | Skilvirkni atvinnulífs | 31. | 29. | 27. | 24. | 22. | 7. |
| 4 | Samfélagslegir innviðir | 13. | 11. | 17. | 17. | 17. | 5. |

Sæti Íslands 1-20 21-30 31-63

# Efnahagsleg frammistaða versnar




Þrjú dæmi:

**Atvinnuleysi**
5. sæti
2,8%

**Gengi gjaldmiðils styður við samkeppnishæfni fyrirtækja**
62. sæti
2,4/10

**Innflæði beinnar erlendrar fjárfestingar (% af VLF)**
60. sæti
-5,82%

# **Mótsögn**: Fordæmlaus efnahagsuppgangur en efnahagsleg frammistaða ein sú versta

**1. Smæð hagkerfisins**
**- Landsframleiðsla Bandaríkjanna er 800-falt meiri**

**2. Gengi krónunnar/„Hálaunalandið"/ samkeppnishæfni útflutningsgreina**




**„HÆTTA Á FLUTNINGI TIL ÚTLANDA ER ÓGN VIÐ HAGKERFIÐ"**

Sæti Íslands í stjórnendakönnun fyrir mismunandi starfsemi



# Skilvirkni hins opinbera versnar

**Skilvirkni hins opinbera**




Þrjú dæmi:

| Dæmi | Sæti | Einkunn |
|---|---|---|
| **Fjármögnun lífeyriskerfisins er nægileg** | 2. sæti | 7,3/10 |
| **Stefna seðlabanka hefur jákvæð áhrif á hagkerfið** | 61. sæti | 3,9/10 |
| **Skatttekjur (% af VLF)** | 48. sæti | 36% |

# Skilvirkni atvinnulífsins batnar lítillega

| | Sæti Íslands | Undirþáttur | Sæti Íslands |
|---|---|---|---|
| **Skilvirkni atvinnulífsins** | 22. | Stjórnarhættir fyrirtækja | 25. |
| | | Vinnumarkaður | 31. |
| | | Viðhorf og gildismat | 14. |
| | | Framleiðni og skilvirkni | 18. |
| | | Fjármögnun | 34. |




„Þetta reddast“

Þrjú dæmi:

| Dæmi | Sæti | Gildi |
|---|---|---|
| Sveigjanleiki og aðlögunarhæfni er mikil við nýjar áskoranir | 2. sæti | 6,8/10 |
| Laun fyrir þjónustustörf 2015 (14. hæstu) | 49. sæti | $43,467 |
| Framleiðni vinnuafls 2017 (VLF á vinnustund, PPP) | 25. sæti | $47 |

# Innviðir standa í stað




Þrjú dæmi:

**Vatnsbirgðir á íbúa**
1. sæti
516 þ. $m^3$

**„Menntakerfið sinnir þörfum samkeppnis-hæfs hagkerfis“**
21. sæti
5,6/10

**Útflutningur fjarskipta- og upplýsingatækni (% af þjónustu-útflutningi)**
53. sæti
11,4%

# Yfirlit

Hvers vegna samkeppnishæfni?

Um úttektina

Niðurstöður 2018

**Hvernig snúum við vörn í sókn?**

# Mat stjórnenda á samkeppnishæfni hefur lítið batnað frá hruni

Þó að margt megi betur fara er engu að síður umhugsunarvert hversu lítið mat stjórnenda á samkeppnishæfni hefur batnað

## SÆTI ÍSLANDS Í STJÓRNENDAKÖNNUN OG HEILDAR-SAMKEPPNISHÆFNI*




Heimild: IMD. *Ísland tók ekki þátt 2008 og 2009

# Hvað er eftirsóknarvert við Ísland að mati stjórnenda?

Stjórnendur spurðir um hvaða fimm af eftirfarandi þáttum séu sérstaklega eftirsóknarverðir við Ísland



# Fimm stærstu viðfangsefni Íslands í ár í úttekt IMD

Úrlausn þeirra ræður miklu um útkomuna að ári liðnu… og næstu ár – jafnvel áratugi

| Áskoranir | Aðgerðir |
| --- | --- |
| 1 Sterkt gengi krónunnar reynir á útflutningsgreinar | Lífeyrissjóðir fjárfesti í auknum mæli erlendis |
| 2 Tryggja eins mjúka lendingu hagkerfisins og hægt er eftir sjö ára uppsveiflu | Ábyrg hagstjórn í víðu samhengi – Seðlabankinn, stjórnvöld, vinnumarkaður |
| 3 Halda launaþróun í takt við framleiðnivöxt og verðbólgumarkmið | Kjarasamningar og skattbreytingar sem bæði auka kaupmátt og samkeppnishæfni fyrirtækja |
| 4 Aukin samkeppni frá netverslun og alþjóðlegum fyrirtækjum | Endurskoða samkeppnislöggjöf, t.d. veltuviðmið og skilgreiningar markaða |
| 5 Endurskoðun á ramma peningstefnunar og losun þess sem eftir er af fjármagnshöftum | Losa um innflæðishöft strax, vinna úr komandi tillögum verkefnastjórnar um peningastefnuna |

# Markvissar aðgerðir geta skilað okkur ofar á listanum og stutt við aukin lífsgæði til lengri tíma

Dæmi um um hvernig hægt er að bæta úr veikleikum í samkeppnishæfni landsins

| Veikleikar | | Skref til framfara |
|---|---|---|
| Skattar á hagnað og tekjur | 61. sæti | Endurskoðun skatta í samræmi við tillögur Samráðsvettvangs um aukna hagsæld |
| Ríkiseign fyrirtækja | 48. sæti | Sala ríkisfyrirtækja í samkeppnisrekstri, t.d. bankanna |
| Alþjóðleg reynsla | 51. sæti | Laða að erlenda sérfræðinga, t.d. með skattaívilnunum og öflugum alþjóðlegum skólum |
| Einsleitni útflutnings | 59. sæti | Örva nýsköpun og hugvitsdrifinn útflutning |
| Áhættufjármagn (venture capital) | 40. sæti | Breytt skattaumhverfi, losun hafta og „hæfileg" áhættusækni fjárfesta. Þurfum „nýsköpunarlífeyri" |
| Vísindi í skólum | 35. sæti | Menntalinsa Viðskiptaráðs er í stillingu... meira síðar |

# Aukin samkeppnishæfni er langhlaup okkar allra




